



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

10. desember 2020

Mál nr. E-4378/2014:

Stefnandi: A

*(Sveinbjörn Claessen lögmaður)*

Stefndu: B

Vörður tryggingar hf.

*(Eva B. Helgadóttir lögmaður)*

Dómarar: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari og dómsformaður, Halldór  
Baldursson bæklunarlæknir og Kristinn Tómasson, embættis- og  
geðlæknir

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 2020 í máli nr. E-4378/2014:

**A**

*(Sveinbjörn Claessen lögmaður)*

**gegn**

**B og**

**Verði tryggingum hf.**

*(Eva B. Helgadóttir lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 13 nóvember sl., var höfðað 28. október 2014. Með framhaldsstefnu 8. febrúar 2017 jók stefnandi við dómkröfur sínar.

Stefnandi er A, [..., ...].

Stefndu eru B, [..., ...], og Vörður tryggingar hf., Borgartúni 25 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd sameiginlega til að greiða stefnanda 4.656.482 krónur með 4,5% ársvöxtum af 2.427.486 krónum frá 28. október 2010 til 2. október 2013, af 2.228.996 krónum frá 25. september 2014 til 25. október 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 2.427.486 krónum frá 2. október 2013 til 25. október 2018 en af allri stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

## I

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um frekari greiðslu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna umferðarslyss 20. febrúar 2007. Stefnandi var þá farþegi í framsæti bifreiðarinnar Y sem lenti árekstri við fyrrgreindu bifreiðina sem ekið var aftan á bifreið stefnanda á Vífilsstaðavegi. Umráðamaður bifreiðarinnar X var stefnda B og bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Verði tryggingum hf. Í kjölfar slyssins var stefnandi flutt með sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Þar kvartaði hún undan slæmum verkjum í hálsi og baki vegna slyssins.

Málsaðilar öfluðu sameiginlega mats C lækni og D lögmanns á líkamstjóni stefnanda. Niðurstaða matsgerðar þeirra, dags. 21. maí 2008, var sú að stöðugleikapunktur væri 9. nóvember 2007. Varanlegur miski stefnanda næmi 12 stigum en varanleg örorka 15%. Stefnandi hefði tognað í háls hrygg og hefði eftir það

álagsverki í hálsi og niður í brjósthrygg og meira og minna viðvarandi einkenni í hægri handlegg, þ.e. verki, dofa og vægt skerta hreyfifærni, sem rekja mætti til vægs C8 rôtarskaða, það er að segja áverka á rót 8. (neðstu) háls hryggjartaugar.

Stefndi Vörður tryggingar hf. gekk til uppgjörs við stefnanda á grundvelli þessarar matsgerðar og tók lögmaður stefnanda við greiðslunni fyrir hönd stefnanda 18. júní 2008 með svohljóðandi fyrirvara: „Samþykkt með fyrirvara um varanlegan miska og varanlega örorku, en [stefnandi] telur varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar í matsgerð [...]“

Að beiðni þáverandi lögmanns stefnanda ritaði E, heila- og taugaskurðlæknir, vottorð, dags. 24. apríl 2010, um afleiðingar umferðarslyssins sem stefnandi lenti í 20. febrúar 2007. Þar er meðal annars svarað þeirri spurningu lögmannsins hvort breytingar séu til staðar frá fyrrgreindri matsgerð, dags. 21. maí 2008. Svarar læknirinn spurningunni játandi. Einkennin í hægri handlegg, þ.e. verkir, dofi og kraftminnkun, verði að teljast meiri en vægur taugaskaði. Daglegur svimi og sjóntruflanir, sem sannanlega séu hluti af afleiðingum hálstögnunarinnar, hafi ekki verið talin með til örorku í fyrra matinu. Verkir vegna slitbreytinga í axlarhyrnulið hægra megin geti átt uppruna sinn í áverka af sætisbelti við áreksturinn.

Með bréfi þáverandi lögmanns stefnanda, dags. 2. september 2013, voru gerðar frekari kröfur vegna afleiðinga fyrrgreinds slyss. Kröfugerð þessi grundvallaðist á nýrri matsgerð sem lögmaður stefnanda hlutaðist til um að afla til að afleiðingar slyssins yrðu metnar að nýju í kjölfar annars umferðarslyss sem stefnandi varð fyrir 3. mars 2010. Til þess að meta afleiðingar slyssanna tveggja höfðu verið dómkvödd til starfans 19. október 2012 þau F, tauga- og endurhæfingarlæknir, og G lögmaður. Það var með þessari beiðni um dómkvaðningu matsmanna sem stefnandi æskti þess að lagt yrði mat á afleiðingar fyrra slyssins að nýju. Lá matsgerðin fyrir 27. ágúst 2013.

Í matsgerðinni kemur fram að dómkvaddir matsmenn telji að stöðugleika hafi verið náð vegna afleiðinga slyssins 20. febrúar 2007 við útskrift af Reykjalandi þann 9. nóvember 2007. Niðurstöður matsgerðar þeirra, dags. 27. ágúst 2013, eru eftirfarandi:

A. Umferðarslys 20. febrúar 2007:

- Stöðugleikapunktur: 9. nóvember 2007.
- Varanlegur miski: 14 stig.
- Varanleg örorka: 20%.

B. Umferðarslys 3. mars 2010

- Stöðugleikapunktur: 3. júní 2010.
- Varanlegur miski: Enginn.
- Varanleg örorka: Engin.

Með bréfi, dags. 2. september 2013, krafði stefnandi stefnda Vörð tryggingar hf. um frekari skaðabætur vegna umferðarslyssins 20. febrúar 2007 sem námu 2 stigum varanlegs miska og 5% varanlegrar örorku auk greiðslu lögmannspóknunar og útlagðs kostnaðar við öflun læknisvottorða, skattframtala og matsgerðar dómkvaddra

matsmanna. Í kröfubréfinu var vísað til þess að við uppgjör málsins árið 2008 hefði verið tekið við bótum með fyrirvara við mat matsmanna á varanlegum miska og varanlegri örorku.

Stefndi Vörður tryggingar hf. hafnaði kröfu stefnanda með bréfi, dags. 4. október 2013, og vísaði til þess að bótakrafa stefnanda væri fyrnd samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem tímabært hefði verið að meta stefnanda árið 2008 þegar allar upplýsingar hefðu legið fyrir um heilsufar hennar sem gerðu henni kleift að leita fullnustu kröfu sinnar. Jafnframt kom fram að ráða mætti af læknisfræðilegum gögnum málsins að stefnandi hefði strax árið 2007 haft vitneskju um kröfu sína, þar sem hún hefði frá slysdegi verið með einkenni frá hálsi og leitað ítrekað til læknis vegna þeirra einkenna. Þá vísaði stefndi til þess að samkvæmt báðum fyrirliggjandi matsgerðum hefði stöðugleikapunktur verið talinn 9. nóvember 2007 þegar stefnandi útskrifaðist af Reykjalundi.

Stefnandi gat ekki fellt sig við þessa afstöðu stefnda Varðar trygginga hf. og höfðaði mál þetta.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 2015 voru stefndu sýknuð af kröfum stefnanda. Með dómi Hæstaréttar 28. apríl 2016 í máli nr. 591/2015 var héraðsdómur ómerktur vegna vanhæfis annars af tveimur sérfróðum meðdómsmönnum í málinu.

Að beiðni stefnanda voru H læknir og I lögmaður dómkvaddir sem matsmenn 28. febrúar 2017 í því skyni að leggja mat á afleiðingar umferðarslyssins sem stefnandi lenti í 20. febrúar 2007. Í matsgerð þeirra, dags. 6. júní 2017, kemur fram að stefnandi hafi átt að baki allanga og erfiða sögu um stoðkerfisvandamál áður en hún hafi lent í slysinu árið 2007. Þar segir einnig að vangeta stefnanda til starfa stafi ekki einungis af slysinu frá árinu 2007. Í þeim efnum verði einnig að líta til fyrra heilsufars og læknisfræðilegra kvartana stefnanda sem ekki sé unnt að rekja til fyrrgreinds slyss. Var niðurstaða matsmanna að varanlegur miski næmi 12 stigum og varanleg örorka næmi 25%.

Að beiðni stefnanda voru J lögmaður, K, heila- og taugaskurðlæknir, og L endurhæfingarlæknir dómkvödd sem yfirmatsmenn 11. október 2017. L var að eigin ósk leystur undan starfi yfirmatsmanns og var M endurhæfingarlæknir dómkvödd í hans stað. Í yfirmatsgerð, dags. 12. mars 2018, kemur fram að stefnandi hafi verið óvinnufær stærstan hluta ársins 2007 og í töluvert skertu starfshlutfalli eftir það þar til hún hafi endanlega gefist upp árið 2012. Afleiðingar slyssins frá árinu 2007 séu slæm hálstögnun með verkjum í hálsi, herðum og leiðni út í hægri handlegg án þess að tekist hafi að sýna fram á taugaskaða. Önnur einkenni sem stefnandi kvarti yfir sé ekki unnt að rekja til slyssins. Yfirmatsmenn telji þar með að ekki sé að öllu leyti hægt að rekja skerðingu á starfsgetu einungis til slyssins frá árinu 2007. Í því sambandi sé horft til fyrra heilsufars stefnanda og læknisfræðilegra kvartana hennar sem ekki sé unnt að rekja til slyssins.

Varanlegur miski stefnanda vegna slyssins frá árinu 2007 nemi 12 stigum og varanleg örorka nemi 25%.

Með framhaldsstefnu 8. febrúar 2017 jók stefnandi, eins og áður segir, við dómkröfur sínar. Endanlegar dómkröfur stefnanda voru settar fram með bókun í þinghaldi 1. október 2018.

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins.

## II

Stefnandi byggir mál sitt á 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, skaðabótalögum nr. 50/1993, 1. mgr. 88. gr., 89. gr., 90. gr., 91. gr. og 95. gr., sbr. 97. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og meginreglu skaðabótaréttar um fullar bætur til tjónþola. Bifreiðin X hafi verið tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Verði tryggingum hf. Krafa um skaðabætur sé byggð á ákvæðum skaðabótalaga og niðurstöðum dómkvöddu matsmannanna F, tauga- og endurhæfingarlæknis, og G hrl., sbr. matsgerð, dags. 27. ágúst 2013.

Eins og áður greinir jók stefnandi síðar við dómkröfur sínar með framhaldsstefnu og byggði í þeim efnum einkum á fyrrgreindri yfirmatsgerð. Endanlegar dómkröfur stefnanda sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Varanlegur miski (eins og greinir í stefnu):  $2\% \times 9.924.500 = 198.490$  krónur.

Varanleg örorka:  $4.007.904 \times 11,123 \times 10\% = 4.457.992$  krónur.

Krafa um bætur fyrir varanlega örorku byggi á niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra yfirmatsmanna um 25% varanlega örorku af völdum slyssins. Stefndu hafi áður greitt stefnanda bætur sem nemi 15% varanlegri örorku. Krafist sé greiðslu á mismuninum.

Endanleg vaxtakrafa sé byggð á 16. gr. skaðabótalaga og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga sé krafist af upphaflegri stefnufjárhæð, 2.427.456 krónum, frá 28. október 2010 til stefnubirtingardags, 2. október 2013 en af 2.228.996 krónum (5% varanlegri örorku samkvæmt matsgerð yfirmatsmanna) frá 25. september 2014 til 25. október 2018. Dráttarvaxta sé krafist af upphaflegri stefnufjárhæð eins og greini í stefnu en af allri stefnufjárhæðinni frá 25. október 2018, þegar liðinn hafi verið mánuður frá því að stefnandi hafi krafist stefnda um greiðslu slysabóta fyrir líkamstjón sitt, til greiðsludags.

Stefnandi byggi á því að varanlegur miski hennar af völdum slyssins nemi 14 stigum og að hún eigi rétt á að fá greiddar viðbótarskaðabætur sem nemi tveimur stigum, enda hafi stefndu áður greitt henni miskabætur vegna 12 stiga miska. Stefnandi byggi einnig á því að varanleg örorka hennar af völdum slyssins sé 20% og að hún eigi rétt á

að fá greiddar viðbótarskaðabætur úr hendi stefndu sem nemi 5%. Krafa hennar byggji á matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem staðfesti auknar afleiðingar vegna umferðarslyssins 20. febrúar 2007 umfram það sem talið hefði verið í fyrri matgerð.

Stefnandi hafni því að kröfur hennar séu fallnar niður fyrir fyrningu líkt og stefndu haldi fram. Í bréfi stefnda Varðar trygginga hf. frá 4. október 2013, þar sem kröfum var hafnað, sé vísað til umfjöllunar í eldri matsgerð um að stöðugleikapunktur hefði verið 9. nóvember 2007 (ranglega tilgreint 20. febrúar 2007 í höfnunarbréfinu) og þá hafi verið tímabært að meta varanlegar afleiðingar slyssins. Eins byggji stefndu afstöðu sína á því að dómkvaddir matsmenn hafi ekki verið spurðir sérstaklega „hvenær tímabært var að meta afleiðingar slyssins“, en sú spurning hafi enga lagalega þýðingu við mat á líkamstjóni samkvæmt íslenskum skaðabótarétti og komi málinu ekkert við. Til viðbótar bendi stefnandi á að spurningin hafi ekki verið lögð fram í sameiginlegri matsbeiðni vegna fyrra mats og að stefndu hafi engar athugasemdir gert við efni eða orðalag matsbeiðni stefnanda um dómkvaðningu matsmanna sem stefndu hafi þó haft tækifæri til að koma að.

Samkvæmt orðalagi 99. gr. laga nr. 50/1987 þurfi tvö skilyrði að vera uppfyllt svo að fyrningarfrestur samkvæmt greininni byrji að líða. Annars vegar þurfi kröfuhafi að hafa vitneskju um kröfu sína og hins vegar þurfi hann að eiga þess kost að geta leitað fullnustu hennar. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar verði ráðið að upphafspunktur fyrningar samkvæmt 99. gr. laga nr. 50/1987 grundvallist einkum á því hvenær tjónþoli fái vitneskju um að ástand hans muni ekki breytast til framtíðar. Þá hafi tjónþoli fyrst átt þess kost að leita fullnustu kröfu um frekari bætur. Stefnandi byggji á því að heilsufar hennar hafi ekkert batnað árið 2008 þegar afleiðingar slyss hennar hafi verið metnar í fyrra sinn eins og gert hafi verið ráð fyrir í matinu, heldur hafi afleiðingarnar haft sífellt meiri og alvarlegri áhrif á heilsu og starfsgetu stefnanda eftir því sem lengra hafi liðið frá matinu. Um þetta hafi stefnandi ekki haft vitneskju í skilningi 99. gr. laga nr. 50/1987 fyrr en í allra fyrsta lagi árið 2010 þegar hún hafi leitað til E, heila- og taugaskurðlæknis, og í síðasta lagi árið 2013 þegar niðurstaða matsgerðar dómkvaddra matsmanna hafi legið fyrir. Fyrningarfrestur vegna hinna auknu afleiðinga slyssins hafi því ekki byrjað að líða fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2011, en í síðasta lagi 1. janúar 2014.

Til staðfestingar því að umfang afleiðinga slyssins sé meira og alvarlegra en fyrri matsmenn gerðu ráð fyrir árið 2008 vísi stefnandi til þess að í fyrri matsgerð leggi matsmenn til grundvallar að stefnandi hafi tognað í háls hrygg og hafi eftir það álagsverki í hálsi og niður í brjósthrygg og meira og minna viðvarandi einkenni – verki, dofa og vægt skerta hreyfifærni – í hægri griplim, sem rekja megi til vægs C8 rötarskaða. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna komist matsmenn aftur á móti að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi hlotið slæman tognunaráverka með miklum eymslum, verulegri hreyfiskerðingu, dofa og leiðniverk án staðfests taugaskaða.

Að mati stefnanda leiki ekki nokkur vafi á því að einkenni hennar vegna afleiðinga slyssins séu meiri en gert var ráð fyrir við fyrra mat árið 2008. Matsgerð dómkvaddra sanni það. Mun ítarlegri heilsufarsleg gögn liggja fyrir hjá dómkvöddum matsmönnum en hinum fyrri auk þess sem unnt hafi verið að meta skerðingu á varanlegri vinnugetu stefnanda með meiri nákvæmni árið 2013 en árið 2008.

Til viðbótar vísar stefnandi til læknisvottorðs E, heila- og taugaskurðlæknis, frá 24. apríl 2010, en þar komi fram að einkennin í hægri handlegg verði að teljast meiri en vægur taugaskaði. Þá vísar stefnandi til þess að hún hefur gengist undir umfangsmikla endurhæfingarmeðferð á Reykjalandi, hjá sjúkrahjálfa og ýmsum læknum frá árinu 2008 til að fá bót meina sinna en án teljandi árangurs.

### III

Stefndu telja óumdeilt að slys stefnanda hafi verið bótaskyld á grundvelli 1. mgr. 88. gr. þágildandi laga nr. 50/1987. Á því sé hins vegar byggt af hálfu stefndu að tjón stefnanda vegna slyssins sé að fullu bætt. Hafi stefnandi átt einhverja viðbótarkröfu á hendur stefndu sé sú krafa fyrnd með vísan til 99. gr. laga nr. 50/1987. Samkvæmt ákvæðinu fyrnist bótakrafa á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem bótakrefjandi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Af þessu leiði að hinn lögmælti fjögurra ára fyrningartími hefjist við lok þess almanaksárs er tjónþoli telst hafi fengið vitneskju um kröfuna, hafi hann þá átt þess kost að leita fullnustu hennar.

Við mat á því hvenær tjónþoli mátti gera sér grein fyrir kröfu sinni og fyrst getað leitað fullnustu hennar beri að beita hlutlægum mælikvarða. Önnur viðmið en hlutlæg myndu leiða til þess að tjónþoli gæti dregið það árum saman án ástæðu að leita sérfræðinga til að meta afleiðingar slyss, án þess að það hefði áhrif á upphaf fyrningarfrestsins. Slík viðmið myndu þannig í reynd leiða til þess að tjónþoli réði því sjálfur hvenær fyrningarfresturinn byrjaði að líða.

Fyrir liggja að samkvæmt dómvenju beri við mat á upphafi fyrningarfrestsins fyrst og fremst að líta til þess hvenær fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins að mati matsmanna. Á því sé byggt af hálfu stefndu að stefnandi hafi fyrst átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar þegar matsgerð C og D frá 21. maí 2008 hafi legið fyrir. Dómvenja standi til þess að fjögurra ára fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. laga nr. 50/1987 hefjist almennt ekki síðar en við upphaf næsta almanaksárs eftir að örorkumat liggja fyrir. Stefnandi hafi staðið að uppgjöri við stefnda Vörð tryggingar hf. á grundvelli matsgerðarinnar 18. júní 2008 og tekið við greiðslu með árituðum fyrirvara um að stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar af hálfu matsmanna.

Ótvírætt sé að stefnandi hafi verið fullkomlega meðvituð strax árið 2008 um að vera kynni að afla mætti hærra mats á afleiðingum slyssins. Stefnandi hafi hins vegar

ekkert hafst að um árabíl eða allt fram til þess að hún óskaði mats dómkvaddra matsmanna, sem létu matsniðurstöðu sína í té 27. ágúst 2013, sem leitt hafi svo til viðbótarkröfu stefnanda 2. september 2013. Meintum kröfurétti sínum hafi stefnandi svo ekki fylgt eftir með málsókn fyrr en með stefnu birtri 28. október 2014.

Við birtingu stefnu hafi tvær matsgerðir legið fyrir í málinu. Annars vegar áðurnefnd matsgerð frá 21. maí 2008 og hins vegar mat dómkvaddra matsmanna frá 27. ágúst 2013. Báðum matsgerðum beri saman um að heilsufar stefnanda hafi verið orðið stöðugt 9. nóvember 2007 og batahvärfum þá verið náð samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá hafi stefnanda verið tækt að leita fullnustu kröfu sinnar og í því ljósi hefði fyrningarfrestur hafist í árslok 2007 og krafan því verið fyrnd í árslok 2011.

Þá telji dómkvaddir matsmenn að engin ný einkenni hafi komið fram síðar hjá stefnanda frá því að fyrra matið hafi verið framkvæmt enda stöðugleikapunktur sá sami, Stefnandi hafi þannig fengið vitneskju um kröfu sína þegar fyrri matsgerðin hafi legið fyrir og því átt þess kost að leita fullnustu hennar 21. maí 2008. Fyrningarfrestur kröfunnar hafi því byrjað að líða í síðasta lagi við lok ársins 2008 í samræmi við 99. gr. laga nr. 50/1987. Honum hafi lokið fjórum áður síðar, í lok ársins 2012. Af því leiði að krafa stefnanda hafi verið fyrnd þegar mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 28. október 2014 og jafnframt þegar stefnandi hafði fyrst uppi viðbótarkröfu 2. september 2013.

Ef ekki yrði fallist á að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða við stöðugleikapunkt 9. nóvember 2007 eða þegar fyrri matsgerðin lá fyrir 21. maí 2008 blasi við að fresturinn hafi í síðasta lagi byrjað að líða þegar stefnandi hafi gert fyrirvara við bótauppgjórið þann 18. júní 2008. Þar hafi stefnandi tiltekið að hún teldi varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar í matsgerð. Í fyrirvaranum hafi sérstaklega verið tiltekið að stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar í þeirri matsgerð sem uppgjör málsaðila grundvallaðist á. Í því felist augljóslega ráðagerð stefnanda þess efnis að hún teldi sig eiga viðbótarkröfu á hendur stefnda, enda hefði hún ella ekki fundið sig knúna til þess að orða fyrirvarann á þann hátt sem raun beri vitni. Stefnandi hafi notið lögmannsaðstoðar frá því að slysið átti sér stað og haft lögmann sinn sér til fulltingis er uppgjórið fór fram.

Engin málefnaleg rök hafi staðið til þess að stefnandi hæfist ekki þegar handa við gagnaöflun sem myndi skjóta stoðum undir niðurstöðu um hærra mat. Það hafi verið fyrst með bréfi, dags. 2. september 2013, sem stefnandi tilkynnti stefnda um viðbótarkröfu sína vegna slyssins. Fyrning hafi síðan ekki verið rofin fyrr en rösku ári síðar. Í stað þess að aðhafast frekar og afla sér sönnunar á tjóni sínu strax í kjölfar þess að fyrirvari var gerður við fullnaðaruppgjórið, beið stefnandi í fimm ár. Krafa stefnanda hafi þá verið fallin niður fyrir fyrningu samkvæmt fjögurra ára fyrningarreglu 99. gr. laga nr. 50/1987.

Í stefnu byggja stefnandi á því að hún hafi fyrst fengið vitneskju um endanlegar afleiðingar slyssins þegar hún hafi leitað til E, heila- og taugaskurðlæknis. Af spurningum lögmanns stefnanda og svörum læknisins í fyrirliggjandi vottorði E megi ráða að það hlutverk sem stefnandi hafi falið E með ritun vottorðsins hafi í reynd miðast við að leggja mat á það hvort breytingar hefðu átt sér stað á heilsufari stefnanda frá því að fyrri matsgerð hefði verið framkvæmd árið 2008. Þessi framgangsmáti vekur athygli í ljósi þess að stefnandi hafi kosið að leggja mál þetta í þann farveg að byggja ekki á endurupptökuheimild ákvæðis 11. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í vottorði E sé tilgreint að daglegur svimi og sjóntruflanir séu hluti af afleiðingum hálstognunarinnar og að það hafi verið vanmetið við mat á örorku stefnanda. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna sé því hins vegar hafnað að orsakatengsl séu á milli áverkans vegna bílslyssins árið 2007 og þessara einkenna á sjón og svima sem stefnandi hafi lýst. Einkennin sem dómkvaddir matsmenn slái föstu að tengist slysinu séu í raun nánast þau sömu og fyrr, að því gættu að frekari rannsóknir hafi verið að baki og frekari heilsufarsvandræði komið við sögu sem stefnandi virðist hafa lent í eftir slysið. Sönnunargildi vottorðs E sé því takmarkað og feli ekki í sér vísbendingar um að marka eigi upphaf fyrningarfrests samkvæmt 99. gr. laga nr. 50/1987 síðar en stefndu telja eiga við rök að styðjast.

Ekki hafi orðið ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsu stefnanda né veruleg hækkun á örorku- og miskastigi milli matsgerða. Að mati stefndu sé stefnanda ekki unnt að sneiða hjá lögbundnum skilyrðum 11. gr. laga nr. 50/1993 fyrir endurupptöku uppgjors aðila. Stefnandi byggja í því sambandi á því að matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi ekki meira sönnunargildi en matsgerð sú sem aðilar komu sér saman um að æskja í maí 2008 og stefndu byggðu uppgjör sitt við stefnanda á. Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna hefðu engin ný einkenni komið fram hjá stefnanda frá því fyrra mat hefði verið framkvæmt. Báðar matsgerðir tilgreini tognun í hálsi sem afleiðingar slyssins. Ekki sé greint frá neinum ófyrirsjáanlegum verulegum breytingum á heilsu stefnanda í matsgerð dómkvaddra manna. Með hliðsjón af niðurstöðum matsmanna í báðum fyrirliggjandi matsgerðum sé ekki unnt að átta sig á því í hverju hækkun á miskastigi í matsgerð dómkvaddra matsmanna liggja. Helst væri hægt að álykta á þann veg að dómkvaddir matsmenn telji hreyfiskerðingu stefnanda meiri en fyrri matsmenn hefðu talið, en athygli vekur að enga umfjöllun sé að finna um það í matsgerðinni á hverju það álit matsmanna byggir nákvæmlega. Einungis virðist þar um að ræða meiningarmun matsmanna á sömu einkennum, sem dómkvaddir matsmenn meti lítilliga hærri en áður af annars óþekktum orsökum auk þess sem önnur heilsufarsvandamál stefnanda kunni að hafa þar áhrif. Jafnvel megi draga þá ályktun af umfjöllun í síðari matsgerðinni að allt eins megi ætla að munur milli matsgerða helgist af því að einkenni stefnanda séu ítarlegar rannsókuð frekar en að þau séu önnur í raun en fyrr var metið. Sérstaklega

hefði nánari greiningar verið þörf þegar horft sé til þess hve munur matsgerða sé í raun lítill, 2 miskastig. Slíkt uppfylli á engan hátt áskilnað 11. gr. um að fela í sér verulega mikinn mun vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á heilsu tjónþola.

Matsmenn meti það svo að varanlegur miski og örorka vegna síðara slyss stefnanda 3. mars 2010 sé engin. Einungis hafi verið um það að ræða að fyrri einkenni hafi versnað tímabundið en ekki sé hins vegar rakið hvort og þá á hvern hátt þessi tímabundnu einkenni verði greind frá þeirri auknu varanlegu afleiðingu sem matsmenn telji stefnanda þjást af vegna fyrra bílslyssins árið 2007. Þá feli síðara matið í sér heildarmat á afleiðingum á slysinu í trássi við þá ráðagerð sem lögð sé til grundvallar í 11. gr. laga nr. 50/1993. Gert sé ráð fyrir að í endurmati eigi fyrst og fremst að huga að þeim breytingum sem til staðar séu og síðan að leggja mat á hvaða áhrif þær kunni að hafa á matsniðurstöðu. Matsmönnum hafi brugðist bogalístin í þessum efnunum, enda sé sérstaklega tekið fram í matsbeiðni að óskað sé endurskoðunar á mati á afleiðingum umferðarslyssins frá 20. febrúar 2007. Síðara matið fullnægi þannig ekki þeim áskilnaði sem dómstólar hafi slegið föstum að þurfi að vera til staðar til að grundvalla endurupptöku.

Í ljósi alls framangreinds hnekki seinni matsgerðin ekki fyrri matsgerðinni sem hafi legið til grundvallar bótauppgjóri 18. júní 2008 og skapi ekki forsendur fyrir endurupptöku.

Loks sé á því byggt af hálfu stefndu að stefnandi hafi ekki fært sönnur á að hann eigi rétt til endurskoðunar á bótauppgjóri vegna umferðarslyssins. Stefnandi geti ekki reist kröfu sína um endurskoðun á skaðabótauppgjóri á þeim fyrirvara sem gerður var við bótauppgjórið. Gengið hafi verið til uppgjors við stefnanda á grundvelli matsgerðar C og D frá 21. maí 2008. Undir fullnaðaruppgjórið hafi lögmaður stefnanda ritað og gert fyrir hans hönd almennan fyrirvara við mat á varanlegri örorku og varanlegum miska, ásamt því að taka fram að stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar í matsgerðinni. Engin greining komi þó fram á því í hverju þetta vanmat fólst. Helst virðist vera um að ræða huglægt viðhorf stefnanda frekar en að byggt sé á rökstuddum málefnalegum ástæðum eða þá að áritunin hafi í raun verið án tengsla við atvik máls en gerð í varúðarskyni ef stefnandi teldi sig síðar eiga í óbættum sökum við stefnda af þessu tilefni. Stefnandi hafi síðan ekkert hafst að um langt árabíl. Að mati stefndu verði ekki með þessum fyrirvara sneitt hjá reglum er gildi um endurupptöku í skaðabótalögum, fyrningu umferðarlaga og réttarreglu kröfuréttar um réttaráhrif fullnaðarkvittunar í uppgjóri. Stefnandi geti þannig ekki byggt kröfu sína um viðbótargreiðslu á fyrirvaranum sem gerður hafi verið við bótauppgjórið þann 18. júní 2008 og það leiði til sýknu.

Ágreiningslaust er að stefnda Verði tryggingum hf. bar að bæta stefnanda tjón hennar vegna fyrrgreinds umferðarslyss sem átti sér stað 20. febrúar 2007. Þá liggur fyrir að stefndi Vörður tryggingar hf. gekk frá bótauppgjöri við stefnanda 18. júní 2008. Eins og áður greinir undirritaði þáverandi lögmaður stefnanda svokallað fullnaðaruppgjör félagsins með fyrirvara um varanlegan miska og varanlega örorku þar sem fram kom að stefnandi teldi varanlegar afleiðingar slyssins vanmetnar í matsgerð C og D sem lá til grundvallar bótauppgjörinu. Stefnandi reisir málsókn sína á þessum fyrirvara og byggir ekki á 11. gr. laga nr. 50/1993. Ekki er unnt að fallast á það með stefndu að ákvæði 11. gr. laga nr. 50/1993 standi því í vegi að stefnandi geti reist málsókn sína á fyrrgreindum fyrirvara við uppgjörið, enda var henni fyllilega heimilt að taka á móti greiðslu með fyrirvara, sbr. til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar 7. júní 2001 í máli nr. 451/2000.

Í málinu liggja fyrir, auk fyrrgreindrar matsgerðar C og D, þrjár matsgerðir sem aflað var fyrir dómi. Niðurstöður þessara matsgerða eru raktar hér að framan. Það er hlutverk dómstóla á grundvelli mats á gildi þessara sönnunargagna, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, að skera úr ágreiningi aðila um það hvaða atriði í þessum matsgerðum ber að leggja til grundvallar niðurstöðu málsins. Í þeim efnum telur dómurinn að fallast beri á niðurstöðu dómkvaddra yfirmatsmanna, J lögmans, K, heila- og taugaskurðlæknis, og M endurhæfingarlæknis. Í yfirmatsgerð þeirra, dags. 12. mars 2018, kemur fram að umrætt slys hafi haft í för með sér varanlegan miska sem nemi 12 stigum og varanlega örorku sem nemi 25%, sbr. einnig sömu niðurstöðu í matsgerð þeirra H læknis og I lögmans, dags. 6. júní 2017. Þá ber öllum matsgerðunum saman um stöðugleikapunkt sem var 9. nóvember 2007.

Eins og áður segir var það niðurstaða C og D í matsgerð, dags. 21. maí 2008, að varanlegur miski stefnanda næmi 12 stigum en varanleg örorka 15%. Stefnandi byggir á því að hún hafi ekki búið yfir nákvæmri vitneskju um viðbótarkröfu sína vegna slyssins fyrr en í fyrsta lagi eftir að hún leitaði til E, heila- og taugaskurðlæknis, sbr. vottorð hans, dags. 24. apríl 2010. Að mati dómsins verður við mat á vægi vottorðs E að líta til þess að í fyrrgreindri yfirmatsgerð, sbr. einnig matsgerð þeirra H læknis og I lögmans, dags. 6. júní 2017, er komist að þeirri niðurstöðu með sannfærandi rökstuðningi að einungis hluta einkenna, sem stefnandi hefði kvartað yfir, væri að rekja til umrædds umferðarslyss. Verður hér fallist á þá niðurstöðu, sbr. einkum skýra umfjöllun í yfirmatsgerð, dags. 12. mars 2018. Ekki er því unnt að fallast á það með stefnanda að yfirmatið byggi á öðrum einkennum en þeim sem lágu til grundvallar upphaflegu bótauppgjöri.

Stefndu byggja einkum á því að viðbótarkrafa stefnanda sé fyrnd, teldist slík krafa á annað borð hafa verið fyrir hendi, sbr. 99. gr. þágildandi laga nr. 50/1987. Samkvæmt ákvæðinu fynast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna á fjórum

árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þar segir einnig að kröfur þessar fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Þær þrjár matsgerðir sem aflað hefur verið fyrir dómi um heilsufar stefnanda eiga það allar sammerkt, eins og áður segir, að þar er lagt til grundvallar að stöðugleikapunktur hafi verið 9. nóvember 2007, rétt eins og talið var í fyrrnefndri matsgerð C og D, dags. 21. maí 2008. Þá hafa ekki verið lögð fyrir dóminn gögn sem bera með sér að fyrst hafi verið tímabært á síðara stigi að meta tjón stefnanda, sbr. einnig framangreinda umfjöllun um fyrirliggjandi vottorð E, heila- og taugaskurðlæknis, dags. 24. apríl 2010 og til nokkurrar hliðsjónar dóm Hæstaréttar 7. júní 2018 í máli nr. 631/2017. Þegar lagt er mat á það hvenær stefnandi fékk vitneskju um kröfu sína verður auk þess að líta til þess að orðalag fyrirvarans, sem gerður var við móttöku bóta 18. júní 2008, var á þá leið að stefnandi vefengdi matsgerð C og D, dags. 21. maí 2008, sem lá til grundvallar bótauppgjörinu, á þeirri forsendu að varanlegar afleiðingar stefnanda vegna slyssins hefðu verið vanmetnar í matsgerðinni. Ekki er unnt að skilja orðalagið með öðrum hætti en að stefnandi, sem naut aðstoðar lögmanns, hafi á þeim tímapianti talið að rök stæðu til þess að álykta mætti sem svo að matsgerðin væri annmarka háð hvað varðar mat á varanlegum miska og varanlegri örorku.

Eins og atvikum er háttað eru ekki efni til að líta til annars en að stefnandi hafi átt að geta hafist handa við að leita fullnustu kröfu sinnar á árinu 2008. Í samræmi við þetta hófst fjögurra ára fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. þágildandi laga nr. 50/1987 í árslok 2008. Var krafa stefnanda því þegar fyrnd þegar mál þetta var höfðað 28. október 2014. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 1. október 2014. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar eins og nánar greinir í dómsorði, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 11. apríl 2017 í máli nr. 678/2016.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sveinbjörn Claessen lögmaður.

Af hálfu stefndu flutti málið Eva B. Helgadóttir lögmaður.

Dóm þennan kveða upp Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Halldór Baldursson bæklunarlæknir og Kristinn Tómasson, embættis- og geðlæknir. Dómsformaður tók við meðferð málsins 2. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

#### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndu, B og Vörður tryggingar hf., eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sveinbjörns Claessen, sem þykir hæfilega ákveðin 1.250.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson

Halldór Baldursson

Kristinn Tómasson